

T I L L A G A

til þingsályktunar um skipun starfshóps um mótun skipulags þjónustu vígslubiskupa.

Flm. Drífa Hjartardóttir, **Kristrún Heimisdóttir** og Steindór R. Haraldsson.

Kirkjuþing 2025-2026 samþykkir að skipa starfshóp þriggja manna sem móti nánari útfærslu þjónustu vígslubiskupa á grundvelli nýrra starfsreglna um vígslubiskupa nr. 8/2024 - 2025. Starfshópurinn undirbúi innleiðingu og framkvæmd starfsreglnanna. Starfshópurinn skili forsætisnefnd greinargerð vegna verkefnisins fyrir 1. febrúar 2026.

Greinargerð.

Á 66. kirkjuþingi 2024 - 2025 voru samþykktar nýjar starfsreglur um vígslubiskupa nr. 8/2024-2025. Þær reglur fela m.a. í sér að horfið er til þess fyrirkomulags sem viðhaft var fram yfir miðja síðustu öld, þegar sóknarprestar tókust á hendur viðbótarskyldur vígslubiskupa en voru jafnframt áfram í prestsembætti.

1. Inngangur

Í nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 eru ákvæði um ábyrgð og verkaskipti hvað varðar æðstu yfirstjórn kirkjunnar skýr. Í 7. gr. segir að kirkjuþing hafi æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárfstjórnarvald. Kirkjuþing fer enn fremur með reglusetningarvald innan kirkjunnar.

Í 2. og 3. málsg. 10. gr segir: „Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.“ Nánar er fjallað um verkefni og ábyrgðarsvið biskupsembættisins í starfsreglum um biskup Íslands nr. 6/2024 – 2025. Þá eru ákvæði um verkefni og ábyrgð biskups að finna í mörgum bálkum starfsreglna, auk samþykkttra stefnumála kirkjuþings. Hinar nýju reglur byggja á þessari skiptingu. Jafnframt er verkefnum vígslubiskupa fækkað frá því sem var í eldri reglum. Hafa þarf í huga hvað segir í öðrum starfsreglum um störf vígslubiskupa. Þær [starfsreglur](#) sem skipta máli hér eru eftirfarandi: Um biskupafund, um héraðsfund (seturéttur með málfrelsi og tillögurétt o.fl.), um kirkjur og safnaðarheimili (aðkoma að breyttri notkun kirkna og afhelgun), um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar (viðtaka tilkynninga um ágreining o.fl.), um presta (umfjöllun um ágreining um skiptingu starfa í prestaköllum), prófata (viðtaka skriflegs álits prófats ef sættir takast ekki í ágreiningsmálum), ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni (sitja í kenningarnefnd) og um þingsköp kirkjuþings (málfrelsi og tillöguréttur).

Hólabiskup situr í Hólanefnd og Skálholtsbiskup situr fundi stjórnar Skálholtsstaðar auk þess að gegna formennsku í stjórn Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar. Af þessu leiðir að frekari og verklagsreglur um þjónustu vígslubiskupa, sem starfshópnum er ætlað að vinna að, verður almennt að vera innan þess ramma er að framan greinir. Mikilvægt er að verk- og ábyrgðarsvið sé svo skýrt sem kostur er.

2. Hlutverk og ábyrgð vígslubiskupa samkvæmt nýju starfsreglunum

Tilgangur með tillögu þessari er að tryggja sem best að sameiginlegur skilningur verði á hlutverki og ábyrgð vígslubiskupa í nýju starfsumhverfi samkvæmt fyrrnefndum reglum. Samkvæmt 6. starfsreglnanna er meginhlutverk vígslubiskupa að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur og framkvæma önnur biskupsverk hvor í sínu umdæmi í forföllum biskups Íslands eða þegar biskup felur þeim það hlutverk.

Athuga þarf hvernig ákvæði 2. gr. starfsreglnanna um að vígslubiskupar skuli sitja í Skálholti og Hólum verði túlkað. Búsetuskylda, sem lögboðin var í eldri þjóðkirkjulögum, hefur verið afnumin innan kirkjunnar og kemur því ekki til álita að vígslubiskupar verði skyldaðir til að búa á hinum fornu biskupsstólum. Aftur á móti er eðlilegt að líta svo á að stólarnir séu starfsstöðvar vígslubiskupanna. Einnig þarf að athuga hvort starfsreglur þessar kalli á endurskoðun á reglum um kosningar vígslubiskupa.

Erindisbréf vígslubiskupa

Í 2. málsg. 2. gr. starfsreglnanna segir að setja skuli nýjum vígslubiskupum erindisbréf. Nánari útfærsla á ábyrgðarsviðum vígslubiskupa byggist því á eftirfarandi meginsjónarmiðum:

- Starfsvettvangur

Skálholts- og Hólaumdæmi eru, samkvæmt hinum nýju starfsreglum, aðal starfsvettvangur hvors vígslubiskups um sig. Verkefni tengd þeim hafa því almennt forgang. Frá því er sú undantekning að sá sem eldri er að biskupsvígslu gegnir störfum biskups Íslands í forföllum hans, að því marki sem nauðsyn krefur.

- Skyldur við sóknarbörn

Mikilvægt er að verkefni vígslubiskupa (þjónustunnar) séu ekki gerð það umfangsmikil að of mikil fjarlægð skapist milli sóknarbarna og sóknarprestans. Sóknarprestar, eru valdir af sóknarbörnum síns prestakalls til að veita þeim prestsþjónustu sína og er einungis um að ræða viðbótarskyldur vegna vígslubiskupsþjónustu.

Skal minnt á það sem segir í greinargerð með tillögu þeirri sem samþykkt var sem nýjar starfsreglur um vígslubiskupa, að verkefni þeirra verði ekki íþyngjandi eða vinni að öðru leyti gegn því að titillinn vígslubiskup (embættið) verði fremur heiðurstítilshlutverk en ekki starf í eiginlegri merkingu.

Þá er sömuleiðis mikilvægt að hafa í huga að vígslubiskupum eru þegar falin nokkur verkefni í starfsreglum eins og fyrr segir og verður að hafa þau í huga við útfærslu á öðrum verkefnum.

- *Afleysingaþjónusta*

Tryggja verður fullnægjandi aðgang að afleysingaþjónustu vígðra þjóna þegar sóknarprestur sinnir vígslubiskupsskyldum sínum. Erfitt er að setja nákvæmar reglur um slíkt en þó er haft í huga að fela má vígðum þjónum í prófastsdæmum viðbótarskyldur og eftir atvikum fela öðrum vígðum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar að takast á hendur verkefni.

- *Starfsáætlun*

Starfsáætlun fram í tímann er nauðsynleg til skipulags afleysinga fyrir sóknarpresta með vígslubiskupsskyldur. Þannig ætti oftast að vera ljóst með góðum fyrirvara hvenær vígsluathafnir fara fram, eða aðrir viðburðir þar sem biskup eða vígslubiskup er viðstaddur. Getur því verið gagnlegt að setja fram verklagsreglur um slíka áætlanagerð.

- *Tiltekin verkefni*

Mögulega má, þegar reynsla er komin á nýtt stjórnkerfi, að fela sóknarprestum með vígslubiskupsskyldur tiltekin afmörkuð verkefni á sviði biskupsþjónustunnar. Það má þó ekki vera á kostnað grunnþjónustu í prestakalli eins og fyrr segir. Sum verkefni biskupsþjónustunnar eru þess eðlis að þau útheimta ekki fasta viðveru á biskupstofu.

Dæmi um slík verkefni eru:

Erlend samskipti. Þátttaka í ýmsu alþjóðlegu starfi t.d. með þátttöku á fjarfundum, mæta sem fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar á tiltekna viðburði o.s.frv.

Mannauðsmál. Ýmis mannauðsmál í umdæmum vígslubiskupa eru þess eðlis að skoða mætti að fela þeim aðkomu að þeim. Mætti nefna t.d. að fylgjast með því f.h. biskups að réttindi vígðra þjóna samkvæmt kjarasamningum, t.d. hvað varðar vinnutíma, séu virt. Einnig skipulag endur- og símenntunar. Gæta verður að því að verkefni vígslubiskupa skapi ekki hagsmunaárekstra, t.d. ef til aðkomu þeirra eða biskups kann að koma að málum á síðari stigum s.s. vegna ágreiningsmála.

Tilsjón. Hugsanlegt er að fela vígslubiskupum tiltekin verkefni sem lúta að almennu tilsjónarhlutverki biskupsþjónustunnar. Má þar t.d. nefna að fylgjast með almennt ástandi og umhirðu jarða í eigu Þjóðkirkjunnar, kirkjubygginga, kirkjugarða og prestsbústaða.

Presta- og djáknastefna og kirkjuping. Skoða mætti að fela vígslubiskupum tiltekin mál sem biskup leggur fram á presta- og djáknastefnu og á kirkjupingi.

II. Réttindi núverandi vígslubiskupa

Í ákvæði til bráðabirgða I segir:

Núverandi vígslubiskupar skulu áfram gegna skyldum vígslubiskupa samkvæmt gildandi starfsreglum um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023, til 70 ára aldurs. Áður en skipunartími hvors um sig rennur út skal bjóða þeim án auglýsingar starf sóknarprests innan umdæmis síns. Eftir það gegna þeir skyldum sínum á grundvelli þessara reglna.

Í þessu felst að efnisákvæði fyrri starfsreglna um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023, gilda um störf þeirra sem gegna þessum embættum. Hinar nýju reglur taka ekki gildi fyrr en núverandi vígslubiskupar takast á hendur störf sóknarpresta í hvoru umdæmi um sig.

Í greinargerð með nýju starfsreglunum kom eftirfarandi m.a. fram:

Við gerð tillögunnar er gert ráð fyrir að þeir gegni upphaflegu hlutverki sínu eins og það var á tímabilinu 1909-1990 og séu auk þess (samkv. tilgreindri röð) staðgenglar biskups Íslands. Í erindisbréfi ætti m.a. að kveða á um það starfshlutfall sem ætlað er til þess hlutverks. Athygli skal vakin á að vissulega mætti fela vígslubiskupum umfangsmeira hlutverk en hér er lagt til. Er þar einkum átt við setu í nefndum (t.d. kenningarnefnd) og „ráðum“ kirkjunnar (t.d. á kirkjuþingi eins og nú er). Í því sambandi þarf að gæta þess að verkefnið verði ekki íþyngjandi eða vinni að öðru leyti gegn þeirri meginbreytingu sem hér er lögð til, þ.e. að vígslubiskupsembættið verði fremur heiðurshlutverk eins og upphaflega var gert ráð fyrir en ekki starf í eiginlegri merkingu.

Hugsanlega þarf að athuga ofangreint bráðabirgðaákvæði um að bjóða núverandi vígslubiskupum störf sóknarpresta.

III. Lokaorð

Gert er ráð fyrir, verði tillaga þessi samþykkt, að skýrslan verði lögð fram á vorþingi 67. kirkjuþings 2025 – 2026.

IV. Kostnaðaráætlun

Kirkjuþing 2025-2026.

Kostnaðaráætlun 500,000

Þóknun vegna funda (kjaranefnd)

Fundur, 3 klst. – nefndarmaður	kr. 12,223
Fundur, 3 klst. - formaður	kr. 18,335
Hver hafin klst. umfram 3 klst. - nefndarmaður	kr. 4,074
Hver hafin klst. umfram 3 klst. - formaður nefndar	kr. 6,111
Almenn vinna nefndarmanns utan funda pr. klst.	kr. 6,791
Sérhæfð vinna nefndarmanna utan funda pr. klst.	kr 10,807

Gert er ráð fyrir sex fundum, þar af 5 þriggja klst. fjarfundum og 1 sex klst. vinnufundi á fundarstað. Þá er gert ráð fyrir vinnu formanns milli funda allt að 10 klst.

Fjarfundir

Tveir kirkjuþingsmenn.

Fimm fjarfundir kr. 12,223 x 5 fundir x 2 = 122,230

Formaður

Fimm fjarfundir kr. 18,335 x 5 fundir = 91,675

Vinnufundur

Vinnufundur sex klst. Þrjár klst. umfram

Tveir kirkjuþingsmenn $12,223 \times 2 = 24,446$. Umfram klst. $4,074 \times 3 \times 2 = 24,444 = \underline{48,890}$

Formaður $18,335 + 18,333 = \underline{36,668}$

Vinna formanns milli funda

Gert er ráð fyrir 10 klst. kr. $10,807 = 108,070$

Samtals: kr. 407,533

Ferðakostnaður.

Flug og leigubíll 50,000 (áætlað)

Fæðiskostnaður 6 klst. $8.750 \times 3 = 26,250$